

## 142. fundur skráningarráðs haldinn 10. okt. 2024 kl. 9:00-11:00 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir (fundarritari), Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sat fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis

### 1. Fundargerð síðasta fundar (yfirfarin og atriði rædd)

Fundargerð síðasta fundar lesin og yfirfarin. Atriði í vinnslu frá síðasta fundi:

Liður 1 Óhefðbundin safngögn og flokkun bókfræðifærslna í efnistegund (material type) og tegund viðfangs (Resources type): Kristín Lilja er með málið í vinnslu, hægt að taka til í þessum þáttum þegar er komið á hreint hvernig þetta á að vera primo megin.

Liður 2 Safnfærslur – hægt að fara að taka til í safnfærslum þegar leysist úr lið 1. Ákveðið að ræða málið áfram á næsta fundi, Safnfærslur framhald.

Fundargerð samþykkt.

### 2. Skráningarréttindi - skrásetjarar (áframhald)

Farið yfir kröfur vegna skráningarréttinda. Núverandi kröfur gera ráð fyrir að þau sem sækja námskeiðið hjá Landskerfi hafi lokið námi í Upplýsingafræði en nýlega var ákveðið að hægt væri að óska eftir undanþágu að því gefnu að umsækjandi hafi lokið ákveðnum námskeiðum í HÍ. Landskerfi óskar eftir því að formlegar kröfur verði uppfærðar til samræmis við þá breytingu, og að þau sem hafi sótt þessi tilteknu námskeið í HÍ þurfi þá ekki að sækja um undanþágu til að mega taka námskeiðið.

Ákveðið að krafan verði áfram sú að þurfi að ljúka þessum námskeiðum í HÍ áður en hægt er að sækja skráninganámskeið hjá Landskerfi og fá skráningarheimild í Gegni.

Sigrún tekur að sér að setja saman nýtt erindisbréf sem hún mun yfirfara með Sveinbjörgu og kynna skráningarráði til umfjöllunar síðar.

### 3. Nótnaskráning

Kristín Lilja kynnir endurskoðun á nótnaskráningu hjá Landsbókasafni. Nótur eru skylduskilaefni og nauðsynlegt að yfirfara skráningarviðmiðin. Kristín óskar eftir því að hópur sé stofnaður til að vinna að því að búa til annars vegar lágmarkskröfur og hins vegar ítarlegri kröfur fyrir nótnaskráningu í Gegni. Sigurgeir verður fulltrúi skráningarráðs í hópnum og tekur að sér að bjóða þeim í hópinn sem hafa reynslu af nótnaskráningu.

### 4. Fjöldi efnisorða í bókfræðifærslum

María og Kristín vekja athygli á því að leiðbeiningar vanti um val á efnisorðum og fjöldaviðmið. Nokkuð hefur borið á að efnisorð í bókfræðifærslum séu helst til mörg auk þess sem skýra þarf

notkun á efnisorðum fyrir skáldverk. Algengt viðmið hefur hingað til verið 3-6 efnisorð eftir þörfum og að valið sé annað hvort víðara heiti eða þrengra eftir þörfum, til undantekninga heyrir að bæði þrengra og víðara efnisorð séu notuð eins og er til dæmis gert við lykklun ævisagna og sjálfsævisagna.

Kristín Lilja tekur saman það sem er verið að kenna í HÍ og leggur fram tillögur að leiðbeiningum fyrir skráningaráð.

## **5. Kyrrilískt letur – skráning á erlendu efni (tími)**

Doddi og María hafa hist á Teams og rætt ýmis atriði sem varða skráningu á efni með öðru letri en latnesku. Að ýmsu er að huga hvað það varðar. Ljóst er að samræma þarf reglur um umritun, um lágmarksskráningu og leiðbeiningar hvað varðar ítarlegri skráningu þegar svo ber undir.

Taka þarf afstöðu til umritana og hvernig má samræma þær eins og hægt er. Fram kom hugmynd um að nota enskar umritunarreglur til samræmis við Library of Congress. Einnig var rætt hvort þurfi, þegar búið er að taka afstöðu til umritunarreglna, að umrita innfluttar færslur sem innihalda umritun upp á nýtt til samræmis við það sem hefur verið ákveðið að miða við.

Ákveðið að fylgja eftir tilkynningu á fræðslufundi skrásetjara þann 30. maí 2024 og stofna hóp til að fara yfir málið og vinna tillögur að skráningarreglum.

María sendir póst á Vöndu og óskar eftir þátttakendum sem hafa reynslu af að skrá efni sem þarf að umrita og hefur áhuga á að taka þátt í hóp.

## **6. OCLC/Worldshare (leita í viðföngum)**

Doddi og Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir f.v. gæðastjóri Gagnis sendu fyrirspurn til Sveinbjargar varðandi OCLC/Worldshare, sem vildi kanna hver áhuginn væri á kennslu í Wordshare. Sigrún kannar hver staðan er á því máli.

## **7. Önnur mál**

Lýsing á DVD fjölbindaverkum – Sigrún óskar eftir að tekin sé afstaða til færslna þar sem seríur eru allar í sömu bókfræðifærslu, hvort eigi að gera sér færslu fyrir hverja mynd. Doddi, Helgi Steindal og Þorbjörg í Hafnarfirði hittast á Teams fundi og ræða málið.

Ekkert fleira rætt.

Fundi slitið 11:05